



**Stjórnarfundur haldinn 3. mars 2004 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

### **1. Skipting stjórnar.**

Formaður lagði til óbreytta skipan stjórnar. Samþykkt.

Stjórnin er þá þannig skipuð: Einar H. formaður Kári G. varaformaður, Þórður M. K. gjaldkeri, Sigurvin G. ritari og Birgir Ingibergsson meðstjórnandi. Varamenn eru Sveinn A., Guðjón A. og Bjarney S. S.

### **2. Fundargerð formannafundar.**

Engar athugasemdir.

### **3. Innkomin bréf.**

Bréf frá formanni knattspyrnudeildar v/peningalega fyrirgreiðslu. Greitt yrði til baka með framlagi til knattspyrnudeildar frá samþykkt aðalfundar frá 29. feb. '04 á útteilingu á fjármagni til deilda úr sjóðum félagsins. Samþykkt eftir nokkrar umræður og framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu við knattspyrnudeild.

### **4. Send bréf.**

Boðsbréf voru send út fyrir aðalfund félagsins.

### **5. Framtíðarnefnd félagsins.**

Nú er framtíðarnefnd búinn að skila af sér mjög góðri skýrslu sem þarfa að fylgja eftir og kynna fyrir bæjarstjórn RNB og MÍT.

Einar lagði áherslu á að hann ásamt Kára og Þórði héldu áfram þeim viðræðum sem voru hafnar við bæjarstjóra RNB um framtíðarsýn félagsins varðandi innri mál félagsins.

Einar sagði einnig frá fundi MÍT sem hann sat fyrir hönd ÍRB, en á þeim fundi kom fram að næsti fundur MÍT yrði 17. mars. og stæði til að kalla þá Skúla Þ. Skúlason og Árna Sigfússon á fundin og fá Skúla til að fara yfir framtíðarsýn félagsins. Einar bauð MÍT að halda fundinn í okkar félagsheimili. Einar leggur áherslu á að hann og Birgir Ingibergsson verði einnig boðaðir á fundinn, en Birgir er fulltrúi aðalstjórnar í framtíðarnefnd félagsins.

### **6. Önnur mál.**

Umræður um fjármál félagsins og framtíðarsýn.

Ákveðið að setja upp skápa með lásum á gafl í fundarherbergi sem deildum verði úthlutað. Framkvæmdastjóra falið að sjá um málið.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:25.